

**IS**

**IS**

**IS**



FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA

Brussel,  
C

Tillaga að

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) Nr .../2011**

**frá [...]**

**um breytingar á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) Nr 2042/2003, um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, íhluta og búnaðar og um samþykki fyrirtækja og starfsfólks á þessu sviði**

**(Texti sem varðar EES)**

Tillaga að

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) Nr. .../...**

**frá ...**

**um breytingar á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) Nr 2042/2003, um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, íhluta og búnaðar og um samþykki fyrirtækja og starfsfólks á þessu sviði**

**(Texti sem varðar EES)**

**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA**

Hefur með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

Hefur með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og Evrópuráðsins (EB) nr. 216/2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug, stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu, og afnám tilskipunar Evrópuráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002, og tilskipunar 2004/36/EB <sup>(1)</sup>,

Þar sem:

- (1) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1056/2008 hefur innleitt verulegar breytingar á reglugerð (EB) nr. 2042/2003 í þeim tilgangi að þróa gildandi kröfur er varða margbreytileika mismunandi flokka loftfara og tegundir aðgerða án þess að það komi niður á öryggisstigi.
- (2) Aðgerðir þær sem kveðið er á um í þessari reglugerð, er byggja á álitinu <sup>(2)</sup> sem gefið er út af Flugöryggisstofnun Evrópu (hér eftir nefnd stofnunin) í samræmi við greinar 17(2)(b) og 19(1) reglugerðar (EB) nr. 216/2008, fela í sér breytingu á skilgreiningu á ELA 1 loftfari.
- (3) Reglugerð (EB) nr. 2042/2003 <sup>(3)</sup> felur einnig í sér skilgreiningu á ELA1 loftfari og henni ætti að breyta svo hún sé í samræmi við breytinguna á skilgreiningunni á ELA1 í reglugerð (EB) nr. 1702/2003.
- (4) Þær aðgerðir sem eru tilgreindar í þessari reglugerð eru í samræmi við álit nefndarinnar sem var stofnsett með 65. grein reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

---

<sup>1</sup> OJ L 79, 19.03.08, bls. 1. Reglugerð eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) 1108/2009 frá 21. október 2009 (OJ L 309, 24.11.09, bls. 51).

<sup>2</sup> Álit 01/2011 varðandi 'ELA ferlið' og 'staðlaðar breytingar og viðgerðir'.

<sup>3</sup> OJ L 315, 28.11.03, bls. 1. Reglugerð eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) 962/2010 frá 30.11.09 (OJ L 321, 08.12.09, bls. 5).

## SAMÞYKKT ÞESSA REGLUGERÐ :

### *1. grein*

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003 er hér með breytt sem hér segir:

1. Í stað málsgreinar (k) í 2. gr. kemur eftirfarandi:

(k) 'ELA1 loftfar' merkir eftirtalið mannað evrópskt létt loftfar:

- (i) flugvél með hámarks flugtaksþyngd (e. Maximum Take-off Mass, MTOM) sem nemur 1.200 kg eða minna sem flokkast ekki sem flókið vélknúið loftfar;
- (ii) sviffluga eða vélfluga sem hefur 1.200 kg MTOW eða minna;
- (iii) loftbelgur með hannað hámarksmagn lyftigass eða heits lofts sem nemur 3.400 m<sup>3</sup> að hámarki fyrir loftbelgi með heitu lofti, 1.050 m<sup>3</sup> fyrir loftbelgi með gasi, 300 m<sup>3</sup> fyrir tjóðraða loftbelgi með gasi;
- (iv) loftskip sem hannað er fyrir fjóra í mesta lagi og hefur hannað hámarksmagn lyftigass eða heits lofts sem nemur 3.400 m<sup>3</sup> að hámarki fyrir loftskip með heitu lofti og 1.000 m<sup>3</sup> að hámarki fyrir loftskip með gasi.

### *2. grein*

Hluta-M og hluta-145 í viðauka við reglugerð (EB) nr. 2042/2003 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

### *3. grein*

Reglugerð þessi öðlast gildi á 20sta degi eftir birtingu hennar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel,

*Fyrir hönd Framkvæmdastjórnarinnar*  
[...]  
*Meðlimur Framkvæmdastjórnarinnar*

## VIÐAUKI

Hluta-M í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2042/2003 er breytt sem hér segir:

1) Málsgrein M.A.302 (d) er skipt út fyrir eftirfarandi:

### **M.A.302 Viðhaldsáætlun um viðhald loftfara**

(d) Áætlunin um viðhald loftfara verður að koma á fylgni við:

(i) leiðbeiningar sem gefnar eru út af hinu lögbæra stjórnvaldi:

(ii) leiðbeiningar varðandi áframhaldandi lofthæfi:

– sem gefnar eru út af handhöfum þess tegundarvottorðs, takmarkaða tegundarvottorðs, viðbótar tegundarvottorðs, meiriháttar hönnunarviðgerðarsamþykktar, ETSO leyfis eða annarra viðeigandi samþykktar sem gefnar eru út samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1702/2003 og viðauka hennar (liðs-21); og

– sem er að finna í vottunarforskriftum þeim er vísað er til í málsgrein 21A.90B eða 21A.431B, ef það á við;

(iii) aðrar eða viðbótar leiðbeiningar sem lagðar eru til af eigandanum eða lofthæfifyrirtækinu eftir að samþykkt hefur verið í samræmi við lið M.A.302, nema hvað varðar tíðni öryggistengdra aðgerða sem vísað er til í málsgrein (e), sem má auka, eftir að nægjanleg endurskoðun hefur farið fram í samræmi við málsgrein (g) og einungis að fengnu beinu samþykki í samræmi við lið M.A.302(b).

2) Málsgrein M.A.304 er skipt út fyrir eftirfarandi:

### **M.A.304 Gögn fyrir breytingar og viðgerðir**

Skemmdir skal meta og breytingar og viðgerðir framkvæmdar og til þess notuð, eftir því sem við á:

1. gögn sem samþykkt eru af stofnuninni, eða
2. gögn sem samþykkt eru af hönnunarfyrtæki undir lið-21, eða
3. gögn sem er að finna í vottunarforskriftum þeim er vísað er til í málsgrein 21A.90B eða 21A.431B.'

3) Málsgrein M.A.502 (a) er skipt út fyrir eftirfarandi:

### **M.A.502 Viðhald á íhlutum**

‘(a) Nema hvað varðar íhluti sem vísað er til í 21A.304 (c), skal viðhald íhluta vera framkvæmt af viðhaldsfyrirtækjum sem samþykkt eru í samræmi við kafla A, undirlið F í þessum viðauka (lið-M) eða í samræmi við viðauka II (lið-145).’

4) Málsgrein M.A.502 (e) er bætt inn í sem hér segir:

### **M.A.502 Viðhald á íhlutum**

(e) Það viðhald íhluta sem vísað er til í 21A.307 (c) skal framkvæmt af A-hæfu fyrirtæki sem samþykkt er í samræmi við kafla A, undirlið F í þessum viðauka (lið-M) eða lið-145, af vottunarstarfsfólki sem vísað er til í lið M.A.801(b)2 eða af flugmanni-eiganda sem vísað er til í lið M.A.801(b)3 á meðan slíkum íhlut er komið fyrir á loftfarinu eða hann fjarlægður tímabundið til að auðvelda aðgengi. Viðhald á íhlutum sem framkvæmt er í samræmi við þessa málsgrein uppfyllir ekki skilyrði til útgáfu á

EASA Eyðublaði 1 og skal heyra undir kröfur um afhendingu loftfars sem kveðið er á um í lið M.A.801.’

5) Málgrein M.A.613 (a) er skipt út fyrir eftirfarandi:

#### **M.A.613 Íhlutavottorð um afhendingu til notkunar**

(a) Þegar öllu nauðsynlegu viðhaldi á íhlutum í samræmi við þennan undirlið er lokið, skal gefa út íhlutavottorð um afhendingu til notkunar í samræmi við lið M.A.802. Gefa skal út EASA Eyðublað 1 nema fyrir þá íhluti sem viðhaldið er í samræmi við liði M.A.502(b), M.A.502(d) eða M.A.502 (e) og íhluti sem framleiddir eru í samræmi við lið M.A.603(b).’

6) Málgrein M.A.614 (b) er skipt út fyrir eftirfarandi:

#### **M.A.614 Viðhaldsskýrslur (b)**

(b) Hið samþykktu viðhaldsfyrirtæki skal láta loftfarseiganda í té eintak af hverju afhendingarvottorði til notkunar, ásamt eintaki af hverjum sértækum gögnum um viðgerð/breytingu sem notuð eru til þeirra viðgerða/breytinga sem framkvæmdar eru.

7) Málgrein M.A.710 (a) er skipt út fyrir eftirfarandi:

#### **M.A.710 Lofthæfisskoðun**

(a) Til að uppfylla kröfur um þá lofthæfisskoðun loftfars sem vísað er til í lið M.A.901, skal framkvæma fyllilega skjalfesta skoðun á loftfarsskýrslum af samþykktu lofthæfisfyrirtæki til að tryggja megi:

1. að flugstundir og tengd notkunarskipti í flugi flugskrokks, hreyfils og skrófu hafi verið fyllilega skjalfest; og
2. að flughandbókin hæfi ásigkomulagi loftfars og endurspegli síðustu endurskoðunarstöðu; og
3. að allt tímasett viðhald á loftfarinu samkvæmt samþykktu viðhaldsáætlun hafi verið framkvæmt; og
4. að allir ágallar hafi verið leiðréttir eða, þegar við á, yfirfærðir á skipulagðan hátt; og
5. að öllum viðeigandi lofthæfistilskipunum hafi verið beitt og þær réttilega skráðar; og
6. að allar breytingar og viðgerðir sem framkvæmdar hafa verið á loftfarinu hafi verið skráðar og séu í samræmi við viðauka (lið-21) reglugerðar (EB) nr. 1702/2003; og
7. að allir íhlutir með takmarkaðan endingartíma sem settir hafa verið upp á loftfarinu séu réttilega auðkenndir, skráðir og hafi ekki farið umfram sinn samþykktu endingartíma; og
8. að allt viðhald hafi verið afhent í samræmi við viðauka I (lið-M); og
9. að núverandi umsagnir um massa og jafnvægi endurspegli ásigkomulag loftfarsins og séu gildar; og
10. að loftfarið uppfylli síðustu endurskoðun tegundarhönnunar sinnar sem samþykkt er af stofnuninni; og

11. að, gerist þess þörf, loftfarið hafi hljóðstyrksvottorð sem samsvarar núverandi ásigkomulagi loftfarsins í samræmi við undirlið I í viðauka (lið-21) reglugerðar (EB) nr. 1702/2003.

8) Málsgrein M.A.802 (b) er skipt út fyrir eftirfarandi:

#### **M.A.802 Íhlutavottorð um afhendingu til notkunar**

‘(b) Hið samþykktu afhendingarvottorð sem kallast EASA Eyðublað 1 er íhlutavottorð um afhendingu til notkunar, nema þegar slíkt viðhald á íhlutum loftfars hefur verið framkvæmt í samræmi við lið M.A.502(b), lið M.A.502(d) eða lið M.A.502 (e) en þá heyrir viðhaldið undir afhendingarferli loftfara í samræmi við lið M.A.801.’

9) Málsgrein M.A.902 (b) er skipt út fyrir eftirfarandi:

#### **M.A.902 Gildi lofthæfisskoðunarvottorðsins**

(b) Loftfari er ekki heimilt að fljúga sé lofthæfisvottorðið ógilt eða ef:

1. lofthæfi loftfarsins eða nokkurs íhlutar sem uppsettur er á loftfarinu uppfyllir ekki kröfur þessa liðs, eða;
2. loftfarið er ekki áfram í samræmi við tegundarhönnun þá sem samþykkt er af stofnuninni; eða
3. loftfarið hefur verið starfrækt utan þeirra takmarkana sem settar eru af samþykktu flughandbók eða lofthæfisvottorði, án þess að til viðeigandi ráðstafana hafi verið gripið; eða
4. loftfarið hefur verið viðriðið slys eða atvik sem hefur áhrif á lofthæfi loftfarsins, án þess að til viðeigandi ráðstafana hafi verið gripið í kjölfarið til að koma aftur á lofthæfi; eða
5. breytingar eða viðgerðir eru ekki í samræmi við viðauka (lið-21) reglugerðar (EB) nr. 1702/2003.

Liðs-145 viðauka við reglugerð (EB) nr. 2042/2003 er breytt sem hér segir:

10) Málsgrein 145.A.42 (a) er skipt út fyrir eftirfarandi:

#### **145.A.42 Samþykki íhluta**

(a) Allir íhlutir skulu vera flokkaðir og réttilega aðgreindir í eftirtalda flokka:

1. Íhlutir sem eru í fullnægjandi ástandi, afhentir á EASA Eyðublaði 1 eða jafngildi og merktir samkvæmt lið-21 undirlið Q.
2. Íhlutir í ónothæfu ástandi sem krefjast viðhalds í samræmi við þennan lið.
3. Íhlutir sem ekki er unnt að bjarga sem eru flokkaðir í samræmi við 145.A.42(d).
4. Staðlaðir íhlutar sem notaðir eru í loftfar, hreyfil, skúfu eða annan íhlut loftfars þegar það er tilgreint í íhlutamyndalista frá framleiðanda og/eða viðhaldsgögnunum.
5. Hráefni og rekstrarvörur sem notaðar eru við viðhald þegar fyrirtækið er þess fullvisst að efnið uppfylli tilskildar tæknilýsingar og hafi viðeigandi rekjanleika. Með öllu efni skulu vera fylgiskjöl sem tengjast tilteknu efni á skýran hátt og það skal hafa að geyma umsögn um samræmi við tæknilýsingar auk tilvísunar í bæði framleiðsluáðila og birgja.

6. Íhlutir sem vísað er til í 21A.307 (c).

11) Málsgrein 145.A.42 (e) er bætt inn í sem hér segir:

#### **145.A.42 Samþykki íhluta**

(e) Íhlutir sem vísað er til í 21A.307 (c) skulu aðeins settir upp, séu þeir taldir hæfir til uppsetningar af eiganda umrædds loftfars.

12) Málsgrein 145.A.50 (d) er skipt út fyrir eftirfarandi:

#### **145.A.50 Vottun viðhalds**

(d) Gefa skal út afhendingarvottorð til notkunar við lok hvers viðhalds á íhlut á meðan hann er ekki á loftfari. Hið samþykktu afhendingarvottorð, "EASA Eyðublað 1", sem vísað er til í viðbæti II við viðauka I (lið-M) telst vera íhlutavottorð um afhendingu til notkunar nema getið sé um annað í M.A.502(b) eða M.A. 502(e). Þegar fyrirtæki sinnir viðhaldi á íhlut til eigin notkunar, má vera að EASA Eyðublaðs 1 sé ekki þörf, en það fer eftir innri afhendingarferlum fyrirtækisins eins og þeir eru skilgreindir í skýringunni.

13) Málsgrein 145.A.55 (b) er skipt út fyrir eftirfarandi:

#### **145.A.55 Viðhaldsskýrslur**

(b) Fyrirtækið skal láta rekstraraðila loftfars í té eintak af hverju afhendingarvottorði til notkunar, ásamt eintaki af hverjum sértækum gögnum um viðgerð/breytingu sem notuð eru til þeirra viðgerða/breytinga sem framkvæmdar eru.

14) Málsgrein 145.A.65 (b) er skipt út fyrir eftirfarandi:

#### **145.A.65 Öryggis- og gæðastefna, viðhaldsferlar og gæðakerfi**

(b) Fyrirtækið skal koma á ferlum sem samþykktir eru af lögbæru stjórnvaldi sem taka tillit til manlegra þátta og manlegrar getu til að tryggja góða viðhaldsverkerla og fylgni við þennan lið sem skulu fela í sér skýrt vinnunúmer eða samning þess efnis að afhenda megi loftfar og íhluti til notkunar í samræmi við 145.A.50.

1. Viðhaldsferli samkvæmt þessari málsgrein eiga við 145.A.25 til 145.A.95.
2. Viðhaldsferlarnir sem komið er á eða koma skal á af fyrirtækinu samkvæmt þessari málsgrein skulu ná yfir alla þætti framkvæmdar viðhalds, þar á meðal öflun og eftirlit með sérhæfðri þjónustu og þeir skulu tilgreina staðla þá sem fyrirtækið ætlar sér að starfa eftir.
3. Með tilliti til leiðar- og grunnviðhalds loftfars, skal fyrirtækið koma á ferlum til að lágmarka áhættuna á margþættum mistökum og ná tókum á mistökum í mikilvægum kerfum, og til að tryggja að engri persónu sé gert að framkvæma og hafa eftirlit með viðhaldsverkefni sem felur í sér einhverja starfsþætti sundurhlutunar/endursamsetningar fjölmargra íhluta af sömu tegund sem uppsettir eru á fleiri en einu kerfi á sama loftfarinu á meðan á tiltekinni viðhaldsathugun stendur. Hins vegar, þegar aðeins ein persóna er tiltæk til að framkvæma þessi verkefni, skal vinnuseðill eða vinnuþlagg fyrirtækisins innihalda viðbótarstig fyrir endurathugun vinnu þessarar persónu eftir að öllum verkefnum hefur verið lokið.
4. Viðhaldsferlum skal komið á til að tryggja að tjón sé metið og breytingar og viðgerðir séu framkvæmdar og til þess notuð gögn sem tilgreind eru í M.A.304.